



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

Alþingi  
Grindi nr. P 138/797  
Tómudagur 17. 12. 2009

Akureyri 17. desember 2009

## Umsögn um þingsályktunartillögu

Þskj. 13 – 13. mál

Umsagnaraðili: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Frumvarpið er þarft og brýnt og tekið er undir með flytjendum þess hvað varðar áherslur a, b og c, en á öðrum forsendum þó.

Þörf er á rammalöggjöf um fjárfestingar erlendra aðila sem setur skýrar leikreglur um ábyrgð og hlutverk þeirra og á hverju þeir þurfa að standa skil.

Þörf er á áætlun um orkuframleiðslu og nýtingu og þá um afhendingu þeirrar orku fram í tímann, helst lengur en fimm ár. Slík áætlun hlýtur að byggja á rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þar sem skýrt er hvað skuli vernda og hvað skuli nýta.

Þörf er á skýrum og ströngum reglum varðandi mat á umhverfisáhrifum þar sem ekkert svigrúm er til pólitískrar íhlutunar. Þar skal miðast við það besta sem gerist í heiminum og að Ísland verði í fararbroddi umhverfisverndar.

Að lokum þá er rétt að benda á að eins og tillagan segir þá ber að treysta grunnstoðir. Á Íslandi þrífst blómleg ferðapjónusta sem með litum tilkostnaði getur skapað umtalsvert meiri tekjur en hún geir í dag. Þannig er rétt að hlúa að því sem við höfum í stað þess að eltast um alla koppa grundir með gylliboð við fjölbjóðleg stórfyrirtæki.

F.h. Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Edward H. Huijbens

Forstöðumaður